

265. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 16. september 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 17. lið, bréf frá Baldvini Leifi Ívarssyni, dags. 15. september 2015. Var það samþykkti og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.



Dagskrá:



- 1) Bréf frá forstöðumannni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 10. september 2015, varðandi skólamálaping FSS og skólastofnana á Snæfellsnesi þann 2. nóvember n.k.
 Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúa og alla sem að málaflokknum koma til að mæta á þingið.
- 2) Aðalfundarboð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands, dags. 23. september 2015.
 Lagt fram til kynningar.
- 3) Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 25. september 2015.
 Lagt fram til kynningar.
- 4) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. september 2015, varðandi umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Ögurstundar ehf., um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Marbakka í Staðarsveit.
 Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ögurstundar ehf. um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Marbakka í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 5) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. september 2015, varðandi umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Sigurðar Narfasonar um endurnýjun rekstrarleyfis gististaðar í flokki II, gistiheimili, að Hofgröðum í Staðarsveit.
 Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkti að fresta erindinu þar til lagður er fram samningur um sorphirðu við sorphirðufyrirtæki.
- 6) Umsókn Dagbjartar Dúnu Rúnarsdóttur varðandi leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Í samræmi við, grein 4-a í reglum Snæfellsbæjar vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykkir bæjarráð umsóknina fyrir veturinn 2015/2016 í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bent er á að samþykkið gildir einungis fyrir eitt ár og þarf að endurnýja hana fyrir hvert skólaár.
- 7) Umsókn um hundaleyfi: Drífa Skúladóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Dazza.
 Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 8) Minnisblað frá bæjarstjóra, dags. 14. september 2015, varðandi ósk um fjárveitingu til kaupa á pallbíl fyrir áhaldahús Snæfellsbæjar.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu að upphæð kr. 2.400.000.-
 Liður 27-11, Ófyrirséð, verður lækkaður um sömu upphæð.
- 9) Bréf frá Arctic Circle, dags. 10. september 2015, varðandi alþjóðaþing Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle dagana 16.-18. október.
 Lagt fram til kynningar.
- 10) Bréf frá fyrirtækinu 23 Frames, dags. 3. september 2015, varðandi ósk um styrk til að framleiða kvíkmynd um Vestfirði.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna erindinu.

- 11) Bréf frá fyrirtækinu 23 Frames, dags. 14. september 2015, varðandi ósk um styrk til að framleiða kvíkmynd um „gullklukkutímann“ á Íslandi.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna erindinu.
- 12) Bréf frá fjárlaganeftnd Alþingis, dags. 10. september 2015, varðandi fundi sveitarstjórna með fjárlaganeftnd haustið 2015.
Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá forsætisráðuneytinu, dags. 3. september 2015, varðandi lög um verndarsvæði í byggð.
Lagt fram til kynningar.
- 14) Bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 2. september 2015, varðandi auglýsingu umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016.
Bæjarstjóri upplýsti að þegar væri búið að svara ráðuneytinu.
- 15) Greidd staðgreiðsla til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs fyrstu 7 mánuði ársins 2015.
Lagt fram til kynningar.
- 16) Bréf frá Jökulmflunni, dags. 8. september 2015, varðandi ósk um styrk.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna erindinu.
- 17) Bréf frá Baldvini Leifi Ívarssyni, dags. 15. september 2015, varðandi ósk um tímabundið leyfi frá starfi bæjarfulltrúa.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að mæla með því að Baldwin Leifur fái tímabundið leyfi frá starfi bæjarfulltrúa frá 1. október 2015 til 31. mars 2016, en vísar fullnaðarákvörðun um málið til bæjarstjórnar.
- 18) Minnispunktar bæjarstjóra.
- Mfl. karla í knattspyrnu náði þeim frábæra árangri nú í lok sumars að sigra 1. deildina og spila þeir í úrvalsdeildinni næsta sumar. Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita mfl. afreksstyrk að upphæð 1.000.000.- og mun styrkurinn verða afhentur á lokahófi Víkings þann 19. september.
 - Bæjarstjóri sagði frá árlegum fundi sveitarstjórnarmanna með þingmönnum NV kjördæmis sem verður 30. september á Hótel Hamri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H. Hilmarsson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Fríða Sveinsdóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari